



BRUNAVARNAÁÆTLUN

Slökkvilið Akureyrar



AÐALSTÖÐ

Slökkvistöð Akureyri (Árstígur)

AÐRAR STÖÐVAR

Slökkvistöð Hrísey

Slökkvistöð Grímsey

Efnisyfirlit

1	SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	3
2	INNGANGUR	4
3	STARFSSVÆÐI	5
4	SKIPULAG OG STARFSEMI	13
5	HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR	21
6	ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI	23
7	FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	27
8	FYLGISKJÖL	30

1 SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

Styrkleiki slökkviliðs Akureyrar er mjög mikill er horft er til mannauðs, menntunar og tækjabúnaðar. Til að halda styrkleika liðsins háum og halda áfram að efla okkur sem alhliða björgunarþjónustu þarf stanslaust að þjálfra, mennta og æfa. Á næstu þremur árum er fyrirhugað að útskrifa tíu nýja atvinnuslökkviliðsmenn innan liðsins.

Framkvæmdaráætlun segir til um kaup og endurnýjun á tækjum og búnaði til næstu þriggja ára. Áætlunin er lifandi vinnuskjal sem tekur mið af þörfum liðsins hverju sinni og breytingum sem verða í þjónustu liðsins. Húsnæði Slökkviliðsins er gamalt og í grunninn óhentugt starfsemi en þó hafa verið gerðar miklar endurbætur til að mæta þörfum liðsins og má þar nefna aðstaða fyrir kvenfólk á vinnustaðnum, sem hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár.

Stærsta og brýnasta verkefnið í húsnæðismálum liðsins er þó aðstaða til afeitrunar á mannskap, tækjum og búnaði. Miklar kröfur eru gerðar um slíka aðstöðu á slökkvistöðvum í dag og er ekki bara sjálfsagt öryggismál starfsmanna liðsins heldur líka réttindamál þeirra eftir að rannsóknir hafa sýnt fram á gríðarlega hátt hlutfall krabbameins hjá slökkviliðsmönnum. Eins og fram kemur í framkvæmdaráætlun er ráðgert að framkvæmdin við aðstöðu til afeitrunar verði unnin í þremur áföngum.

Áhættumat okkar sýnir fram á að aukin áhætta er í sveitarfélaginu sökum nýrra fyrirtækja, aukningu ferðamanna, aukning á komum skemmtiferðaskipa og aukinnar áhættu vegna gróðurelda svo eitthvað sé nefnt. Áhættur innan sveitarfélagsins geta því verið umfram getu slökkviliðsins. Í brunavarnaráætlun þessari koma fram mótvægisáðgerðir til að mæta umfram getu slökkviliðsins. Má þar nefna samninga við nágrannasveitarfélög um gagnkvæma aðstoð á mannskap og búnaði. Efling eldvarnareftirlits á jaðarsvæðum eru líka dæmi um mótvægisáðgerðir.

Slökkvilið Akureyrar er eina starfandi atvinnuslökkviliðið á Norðurlandi og eru því skyldur okkar talsverðar er kemur að gagnkvæmum samningum á svæðinu. Samvinna slökkviliða hér á Norðurlandi hefur aukist verulega undanfarin ár sem er gott og mun aukast enn frekar er fram líða stundir.

Vegalengdir og hættur á jaðarsvæðum eru einnig talsverðar og má þá nefna t.d. Hrísey og Grímsey þar sem SA hefur starfandi hlutastarfandi slökkviliðsmenn sem ekki hafa réttindi sem reykkafarar og þarf því að miða alla þjálfun og búnað á þessum jaðarsvæðum út frá því.

2 INNGANGUR

Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við lögbundin verkefni og þær áhættur sem eru í sveitarfélaginu. Brunavarnaáætlun á að stuðla að því að vernda líf og heilsu fólks, eignir og umhverfi með fullnægjandi eldvarnareftirliti og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Þannig gefur brunavarnaáætlun íbúum og stjórn sveitarfélags gott yfirlit yfir starfsemi og ástand slökkviliðs og getur því orðið grunnur að gæðastjórnun og áætlun um endurbætur, t.d. hvað varðar búnað, menntun og samstarf við aðra aðila. Einn mikilvægasti þáttur brunavarnaáætlunar er að gera sér grein fyrir hvar úrbóta er þörf og gera grein fyrir því í framkvæmdaáætlun.

Brunavarnaáætlun er unnin af slökkviliðsstjóra og skal samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og viðkomandi sveitarstjórn.


3 STARFSSVÆÐI

Þessi kafli lýsir starfssvæði slökkviliðsins og hvaða sveitarfélögum það þjónustar, skilgreiningu á útkallssvæðum ásamt upplýsingum um vatnsöflun vegna slökkvistarfs.

Heiti	Íbúafjöldi	Íbúafjöldi í bæjum	Stærð svæðis	Slökkvistöð
Akureyrarbær	19893	99.73%		
Akureyri	19623			Akureyri (Árstígur)
Grimsey	55			Grimsey
Hrísey	161			Hrísey
Eyjafjarðarsveit	1171	39.11%		
Brúnahlið	69			
Hrafnagil	355			
Kristnes	34			
Hörgársveit	780	33.85%		
Lónsbakki	264			

Starfssvæði SA nær yfir fjögur sveitarfélög þ.e. Akureyrarbæ þ.m.t. Hrísey og Grimsey, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp.


Rekstur slökkviliðs utan Akureyrar byggir á samningum við sveitarfélögin þrjú og formlegt samstarf er við Slökkvilið Grýtubakkahrepps, Slökkvilið Þingeyjarsveitar og Isavia á Akureyrarflugvelli. Íbúafjöldi á starfssvæðinu er 22.329 og stærð þess er 2.861 km²




3.1 ÚTKALLSSVÆÐI

Útkallssvæði slökkviliða skipast í fjóra flokka. Eftirfarandi kort sýna tímalínur sem skipta starfssvæði slökkviliðsins í útkallssvæði eftir viðbragðstíma.


Útkallssvæði 1: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín. frá útkalli.




Útkallssvæði 2: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín. frá útkalli.



Útkallssvæði 3: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín. frá útkalli.



Útkallssvæði 4: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín. frá útkalli. Á útkallssvæði 4 skal sýna tímalínur fyrir hverjar viðbættar 15 mínútur.



3.2 VATNSÖFLUN Á STARFSSVÆÐI

Vatnsverndarsvæði og vatnsból í Eyjafirði má finna á vefnum www.map.is/no. Rekstur vatnsveitu í þéttbýli er í höndum Norðurorku sem á kerfið og sér um viðhald þess. Norðurorka sér einnig mörgum sveitabæjum fyrir vatni en aðrir eru með sína eigin vatnsveitu.

Akureyri

Innan Akureyrar eru 349 brunahanar víðs vegar um bæinn með vatnsprýstingi frá 2-8 börum. Norðurorka á vatnsveitukerfið og mælir afkastagetu þess auk þess að sjá um viðhald. SA nýtir sér upplýsingar á vefsíðunni www.map.is/no um brunahana og staðsetningu þeirra. Upplýsingarnar á þessum vef eru uppfærðar jafnóðum og breytingar verða. Upplýsingar af þessum vef er að finna í spjaldtölvum í slökkvibílum.

Eyjafjarðarsveit

Í Hrafnagilshverfinu í Eyjafjarðarsveit eru sjö brunahanar tengdir vatnsveitukerfi Norðurorku og þrír brunahanar í þéttbýlinu á Kristnesi. Fleiri brunahana er að finna í sveitarfélaginu. Upplýsingar um þessa brunahana er að finna á www.map.is/no.

Vatnsból í dreifðari byggðum Eyjafjarðarsveitar eru misjöfn og spanna allt frá því að ekkert vatn sé í námunda við bæi upp í það að vera ásættanlegt. Viðbragð SA fer eftir aðstæðum á hverjum stað og telji vakthafandi varðstjóri að vatnsöflun sé ótrygg þá er tankbíll einnig sendur á vettvang.

Yfirstjórn SA fór þess á leit við sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar að öll vatnsból í sveitinni yrðu skráð fyrir lok árs 2019 og upplýsingarnar gerðar aðgengilegar fyrir SA. Ekki hafa fengist upplýsingar um að þeirri vinnu sé lokið og því er stuðst við kortamöppu sem síðast var uppfærð árið 2006. Beiðnin hefur verið ítrekuð við gerð þessarar áætlunar.

Svalbarðsstrandarhreppur

Tveir þéttbýliskjarnar eru í Svalbarðsstrandarhreppi. Fyrst ber að nefna Svalbarðseyri en þar eru átta brunahanar og hins vegar Vaðlabbyggð en þar eru þrír brunahanar. Fleiri brunahana er að finna í sveitarfélaginu. Brunahanarnir eru tengdir vatnsveitukerfi Norðurorku og upplýsingar um þá má finna á www.map.is/no.

Vatnsból í dreifðari byggðum Svalbarðsstrandarhrepps eru misjöfn og spanna allt frá því að ekkert vatn sé í námunda við bæi upp í það að vera ásættanlegt. Viðbragð SA fer eftir aðstæðum á hverjum stað og telji vakthafandi varðstjóri að vatnsöflun sé ótrygg þá er tankbíll einnig sendur á vettvang.

Yfirstjórn SA fór þess á leit við sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að öll vatnsból í sveitinni yrðu skráð fyrir lok árs 2019 og upplýsingarnar gerðar aðgengilegar fyrir SA. Ekki hafa fengist upplýsingar um að þeirri vinnu sé lokið og því er stuðst við kortamöppu sem

síðast var uppfærð árið 2006. Beiðnin hefur verið ítrekuð við gerð þessarar áætlunar.

Hörgársveit

Rétt norðan bæjarmarka Akureyrar er eini þéttbýliskjarni Hörgársveitar. Þar eru sex brunahanar tengdir vatnsveitukerfi Norðurorku. Upplýsingar um þá má finna á www.map.is/no. Upplýsingar af þessum vef er að finna í spjaldtölvum í slökkvibílum

Fleiri brunahana er að finna í sveitarfélaginu.

Vatnsból í dreifðari byggðum Hörgársveitar eru misjöfn og spanna allt frá því að ekkert vatn sé í námunda við bæi upp í það að vera ásættanlegt. Viðbragð SA fer eftir aðstæðum á hverjum stað og telji vakthafandi varðstjóri að vatnsöflun sé ótrygg þá er tankbíll einnig sendur á vettvang.

Yfirstjórn SA fór þess á leit við sveitarstjórn Hörgársveitar að öll vatnsból í sveitinni yrðu skráð fyrir lok árs 2019 og upplýsingarnar gerðar aðgengilegar fyrir SA. Ekki hafa fengist upplýsingar um að þeirri vinnu sé lokið og því er stuðst við kortamöppu sem síðast var uppfærð árið 1999. Beiðnin hefur verið ítrekuð við gerð þessarar áætlunar.

Hrísey

Í Hrísey eru sex brunahanar sem tengdir eru vatnsveitukerfi Norðurorku og má finna upplýsingar um þá á www.map.is/no. Norðurorka á vatnsveitukerfið og mælir afkastagetu þess auk þess að sjá um viðhald. Upplýsingarnar á þessum vef eru uppfærðar jafnóðum og breytingar verða. Stærstu húsin í eyjunni standa niður við höfnina og eðli málsins samkvæmt þá er stutt að sækja vatn í sjó. Þar sem viðbragðstími fyrir reykköfun og lífbjörgun er umfram 15 mínútur er aukið eldvarnaeftirlit og fræðsla til almennings og fyrirtækja í Hrísey.

Grímsey

Búið er að skipta um ónýta brunahanana í eyjunni og færa þann sem þurfti að færa.

Vitað er að lagnir eru of grannar að brunahönnunum syðst og nyrst á eyjunni og rennslið úr þeim því takmarkað. Engar áætlanir

Básar (flugstöð)	Nýr hani	Lögn grönn að hana
Flugbraut.	Hani í lagi	Ekki vitað um lagnastærð
Öldutún 3 (slökkvistöð)	Nýr hani	Ásættanleg lagnastærð
Vallargötu 15	Nýr hani	Ásættanleg lagnastærð
Hátún Vallargötu	Nýr hani	Ný staðsetning eftir að brunahani við Nýja Sjáland var aflagður. Ásættanleg lagnastærð
Eiðar Vallargötu	Hani í lagi	Ásættanleg lagnastærð
Sunna Miðgarðskirkju	Hani í lagi	Lögn grönn að hana
Borgir	Nýr hani	Lögn grönn að hana

Einnig þarf að bæta dæligetu í eyjunni með endurnýjun á brunadælu til að unnt sé að dæla


upp sjó í slökkvistarfi. Þar sem viðbragðstími fyrir reykköfun og lífbjörgun er umfram 15 mínútur er aukið eldvarnaeftirlit og fræðsla til almennings og fyrirtækja í Grímsey.

Norðurorka sér um þrýstimælingu á brunahönum á svæðinu og er ábyrg fyrir þrýstingi brunahana.

Upplýsingar um staðsetningu brunahana má finna inn á vef Norðurorku, <https://www.map.is/no/>

4 SKIPULAG OG STARFSEMI

4.1 SKIPULAG OG SKIPURIT



Slökkvilið Akureyrar sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum, úr opnum vatnsbólum og sjó. Einnig er vatn er flutt á eldstað með tankbílum. Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að

reykköfun og reyklosun. Þessum þáttum er sinnt frá aðalstöð og æfingar miðast við að sem flestir geti unnið þau störf í samræmi við menntunarstig og þjálfun. Slökkviliðið sinnir slökkvi- og björgunarstarf í Vaðlaheiðargöngum. Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum sem bundin eru við bryggju. Einnig sinnir SA slökkvistarfi á flugvellinum á Akureyri samkvæmt flugslysaáætlun í samráði við Flugmálastjórn, Almannavarnir og Isavia. Björgun fastklemmdra, mengunarslysum, eldvarnareftirliti og sjúkraflutningum er eingöngu sinnt frá aðalstöðinni á Akureyri. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna er í samræmi við lög og reglugerðir.

Eldvarnareftirlit SA sinnir eftirliti á öllu starfssvæði slökkviliðsins. Eldvarnareftirlit SA sinnir einnig eldvarnareftirliti í Grýtubakkahreppi samkvæmt samningi við sveitarfélagið.

Öryggisvöktun er sinnt eftir beiðnum húseigenda/umsjónaraðila viðburðar eða eftir kröfu slökkviliðsstjóra og sinna slökkviliðsmenn þessari vöktun.

SA veitir jafnframt þjónustu sem ekki er samkvæmt lögum heldur samkvæmt sérstökum samningum. Það er sjúkraflutningar með sjúkrabílum auk mönnun sjúkraflutninga með sjúkraflugi á öllu landinu.

SA á og rekur gúmmíbjörgunarbat með utanborðsmótor, flotbúningum og tilheyrandi búnaði. Starfsmenn þjálfa sig og sinna björgun úr sjó og vötnum.

4.2 STARFSEMI

Slökkvistöð	Íbúafjöldi	Skilgreint skipulag	Stjórnendur	Slökkviliðsmenn	Forvarnir og eldvarnareftirlit
Akureyri	19623	Fastmönnuð sólahringsvakt á slökkvistöð	13	23	5
Hrafnagil	355	Ekki útkallseining	0	0	0
Lónsbakki	264	Ekki útkallseining	0	0	0
Hrísey	161	Hlutastarf - Vaktaskipulag	1	12	0
Brúnahlið	69	Ekki útkallseining	0	0	0
Grimsey	55	Hlutastarf - Vaktaskipulag	1	10	0
Kristnes	34	Ekki útkallseining	0	0	0
Dreifbýli	1283	Ekki útkallseining	0	0	0

SA sinnir öllum fimm meginþjónustuflokkunum brunavarna og hefur veitt starfsmönnum sínum menntun og þjálfun til þess að sinna þeim.

Þessir þjónustuflokkar eru:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun

3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum

SA veitir sjálft þessa þjónustu.

SA annast sjúkraflutninga á starfsvæðinu og þjónustar sjúkraflug innanlands samkvæmt samningum við Sjúkratryggingar Íslands. SA sinnir verðmætabjörgun í samvinnu við tryggingafélögin og aðstoðar Hafnasamlag Norðurlands í mengunavörnum samkvæmt samningi.

Slökkviliðsstjóri á sæti í aðgerðastjórn almannavarnanefndar Eyjafjarðar, sem er mikilvægur samráðsvettvangur viðbragðsaðila vegna stærri aðgerða á starfssvæðinu

Ekki er talið að þessi verkefni rýri getu slökkviliðsins til að sinna lögbundnum verkefnum samkvæmt lögum um brunavarnir heldur styrki hana ef eitthvað er. Undanfarin ár hafa útköll hjá SA vegna lögbundinna verkefna verið um það bil eitt verkefni þriðja hvern dag og því eru líkindi á að þau verði á sama tíma og vaktin er illa mönnuð vegna annara verkefna eins og sjúkraflutninga, mjög lítil og vel ásættanleg.

Þjónusta við reykklöfunartæki

SA hefur og rekur skoðunarstöð fyrir reykklöfunartæki fyrir tæki liðsins. Tveir starfsmenn hafa farið til framleiðanda og sótt sér réttindi til yfirferðar og prófunar á búnaði. SA býður upp á slíka þjónustu fyrir aðra viðbragðsaðila eins og t.d. Landhelgisgæslu og önnur nágrannaslökkvilið. Þjónustan er gjaldskild og koma verð fram í verðskrá SA.

Þjónusta við æfingar í jarðgöngum

SA hefur yfir að ráða sérhæfðum æfingarbúnaði fyrir jarðgöng. Búnaðurinn var keyptur af Vegagerðinni árið 2022. Innan raða SA er sérþjálfað teymi sem hefur farið á námskeið hjá framleiðenda búnaðarinnar. Þegar veghaldarar jarðganga á Íslandi áætla að halda æfingu þá sendir SA að lágmarki tvo starfsmenn með búnaðinum og setja upp æfingu fyrir viðkomandi veghaldara. Fyrirséð er aukning á slíkum æfingum á gildistíma áætlunarinnar.

4.3 MENNTUN OG ÞJÁLFUN

Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna skal vera í samræmi við kröfur um þjónustustig liðsins. Nægjanleg þekking og reynsla þarf að vera innan slökkviliðsins svo það sé í stakk búið að ráða við áhættur í sveitarfélaginu og að henni sé viðhaldið. Í töflu hér að neðan

kemur fram menntunarstig starfsmanna slökkviliðs, skipt niður á þau námskeið sem nauðsynleg eru fyrir menntun í samræmi við lögbundnar kröfur.

Námskeið	Stjórnendur	Slökkviliðsmenn	Samtals
Atvinnuslökkviliðsmaður	12	10	22
Eldvarnareftirlitsmaður I	4	2	6
Eldvarnareftirlitsmaður II	4	1	5
Eldvarnareftirlitsmaður III	3	1	4
Námskeið 1	8	14	22
Námskeið 2	7	14	21
Námskeið 3	6	3	9
Námskeið 4	2	1	3
Stjórnandi	2	1	3

Þjálfunaráætlun slökkviliðsins er með eftirfarandi hætti:

Varaslökkviliðsstjóri heldur utan um menntun starfsmanna varðliðsins og stýrir vinnu vegna þessa þáttar. Honum til aðstoðar er skipaður þjálfunarstjóri sem er einn af varðliðsmönnum SA. Þjálfunarstjóri vinnur sí- og endurmenntunaráætlanir, æfingaáætlanir og þjálfunaráætlanir fyrir vaktir og fleira tengt þjálfunarmálum. Ákveðið utanumhald er um skráningu þjálfunar sem er vistað er í Brunagátt HMS.

Allir atvinnumenn í liðinu eiga að standast þol- og þrekpróf á hverju ári. Með þrek- og þolprófum ásamt að lágmarki 25 klst. æfingum í reykköfun á ári, samkvæmt 12. gr. reglugerðar 1088/2013, viðhalda menn sínum réttindum.

Grunnmenntun, sí- og endurmenntun fylgir þjálfunaráætlun SA og reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792/2001.

Á hverju ári er unnin áætlun fyrir sí- og endurmenntun starfsmanna í samvinnu við þjálfunarstjóra og hún vistuð á miðlægu gagnasafni Akureyrarbæjar. Allir starfsmenn í aðalstarfi sem sinna útkallsstarfi skulu ljúka fornámi áður en þeir hefja störf og atvinnumannanámskeiði slökkviliðsmanna innan þriggja ára.

Þar sem SA sinnir sjúkraflutningum á svæðinu, eru allir starfsmenn einnig menntaðir í sjúkraflutningum og sinna endurmenntun og þjálfun reglulega. Sjúkraflutningamenn sækja sér menntun í Sjúkraflutningaskólann eða erlendis. Námið er um 630 tímar en skiptist í 260 tíma grunnnám og 370 tíma framhaldsnám. Eftir grunnnám mega sjúkraflutningamenn hefja störf en ber að klára framhaldsnám á næstu þremur árum eftir það ár sem grunnnám er tekið. Sjúkraflutningamenn geta einnig sótt níu mánaða framhaldsnám erlendis, svokallað bráðatækninám (Paramedic) en einnig er í boði að taka hluta af náminu í fjarnámi með vinnu. Til að viðhalda réttindum, þurfa sjúkraflutningamenn árlega að sækja tveggja daga nám í endurmenntun hjá Sjúkraflutningaskólanum.

4.4 VERKEFNI OG SAMSTARF

Lögbundin verkefni slökkviliða er skipt upp í fimm eftirfarandi þjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss,
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun,
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun,
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum,
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum.

Heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem lögbundin eru en þau mega þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Verkefnin skulu koma fram í brunavarnaáætlun og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið að hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs, þ.m.t. framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarstjórn ákveður í brunavarnaáætlun umfang þjónustu slökkviliðs. Sveitarfélög geta uppfyllt skyldur sínar um rekstur slökkviliða með samstarfi sín á milli um reksturinn. Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið í formi byggðasamlags. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum tiltekin verkefni og stjórn slökkviliðs í heild eða að hluta. Gera skal skriflegan samning sem tilkynna skal til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

SA gerir samkomulag um einstaka þætti starfseminnar sem og um skyldur vegna brunavarna. Allir samningar eru vistaðir í samningakerfi Akureyrarbæjar. Þeir samningar sem eru nú eru í gildi eru eftirfarandi:

- Slökkvilið Grýtubakkahrepps, meðal annars umsjón um eldvarnaeftirlit á svæði þeirra.

Endurnýja þarf samstarfssamning við eftirtalda aðila

- Slökkvilið Þingeyjarsveitar
- Slökkvilið Dalvíkur

Verkefni	Fjöldi samninga	Uppfyllt af slökkviliði
Eldvarnaeftirlit og forvarnir	0	Já
Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum	0	Já

Verkefni	Fjöldi samninga	Uppfyllt af slökkviliði
Viðbrögð við mengunar og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun	1	Já
Slökkvistarf innanhús og reykköfun	0	Já
Vatnsöflun og slökkvistarf utanhús	0	Já

Samningar/Verkefni	Samningur	Hlutverk	Gildir frá	Gildir til
Viðbrögð við mengunar og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun	Samningur um að annast aðgerðir vegna mengunar innan Hafnarsvæðis HN á Akureyri	Þjónustuveitandi	01.01.2016	31.12.2999
Gagnkvæm aðstoð	Samstarfssamningur milli Slökkviliðs Norðurbings (SN) og Slökkviliðs Akureyrar (SA)	Gagnkvæmt	24.09.2019	31.12.2999
Annað	Vegagerðin og SA: samningur um hreinsun vettvangs á og við vegi í kjölfar umferðaróhappa eða annarra atvika sem krefjast upphreinsunar	Þjónustuveitandi	30.08.2022	31.12.2999
Lögbundin verkefni	Samstarfssamningur Akureyrarbæjar við Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp um brunavarnir	Þjónustuveitandi	01.12.2021	31.12.2999
Lögbundin verkefni	Samningur milli Slökkviliðs Akureyrar (SA) og Brunavarna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar (BSÞ)	Gagnkvæmt	06.11.2019	

SA gerir samkomulag um einstaka þætti starfseminnar sem og um skyldur vegna brunavarna. Allir samningar eru vistaðir í samningakerfi Akureyrarbæjar. Þeir samningar sem eru nú eru í gildi eru eftirfarandi:

- Samningur við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga á starfsvæði SA auk lengri flutninga út fyrir svæðið.
- Samningur við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflug á Íslandi.
- Samningur um skyldur vegna brunavarna fyrir: Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandarhrepp og Arnarneshrepp.
- Isavia – Akureyrarflugvöllur. Samningur við Isavia um samstarf og rekstur sameiginlegs slökkvibíls/tankbíls sem staðsett er á Akureyrarflugvelli auk gagnkvæmrar aðstoðar í útköllum ef á þarf að halda. Samningurinn segir til um að SA geti kallað til starfsmenn Isavia til aðstoðar í útköllum og hefur þannig aðgang að allt að 15 manns sem eru þjálfaðir í slökkvistarfi utanhúss, vatnsöflun og dælingu.
- Akureyrarhöfn. Á árinu 2016 var gerður samstarfssamningur við Hafnarsamlag Norðurlands um aðstoð vegna viðbragða við mengunarslysum á starfsvæði Hafnarsamlagsins á Akureyri og umsjón með hluta búnaðar í eigu hafnarinnar auk þess að

haldnar verði sameiginlegar æfingar.

- Sjúkraflutningaskólinn. Gott samstarf hefur verið við Sjúkraflutningaskólann á undanförnum árum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri. Árið 2016 tók SA þátt í tveimur rýmingaræfingum og samkvæmt samkomulagi þar um, mun slökkviliðið koma að því að halda slíkar æfingar reglulega.

SA starfar með nokkrum aðilum á svæðinu án þess að gerður sé um það sérstakur samningur. Þeir eru:

- Almannavarnir Eyjafjarðar
- Björgunarsveitin Súgur á Akureyri
- Hjálparsveitin Dalbjörg
- HMS vegna brunamála, eldvarnaeftirlits og Brunamálaskólans
- Sjúkraflutningaskóli Íslands (staðsettur á SAK)
- Byggingarfulltrúi Eyjafjarðar vegna forvarna
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna mengunaróhappa á landi
- Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
- Norðurorka

4.5 ELDVARNAREFTIRLIT

Eldvarnaeftirlit og forvarnir er eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Eldvarnaeftirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Slökkviliðsstjóri gefur út eftirlitsáætlun ársins fyrir 1. febrúar hvert ár. Þar skal gert grein fyrir hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnaeftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins eða viðkomandi sveitarfélags og skilað til HMS í gegnum Brunagátt. Samantekt um framkvæmd eldvarnaeftirlits að ári liðnu skal einnig skilað til HMS í gegnum sömu gátt.


Eldvarnaeftirliti má skipta í eftirfarandi þrjá meginflokka; eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna, eldvarnaeftirlit þjónustuaðila brunavarna og eldvarnaeftirlit SA.

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með því að ákvæðum laga og reglna um brunavarnir sé framfylgt. Í 12. gr. laga um brunavarnir og brunamál og reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit er hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga skilgreint.


4.6 ÚTKÖLL – GREINING

Útköll slökkviliða eru flokkuð niður tilefni og forgangi. Hér fyrir neðan er niðurbrot á verkefnum síðustu 12 mánuði.


Útköll eftir forgangsflokkum



Hlutfall útkalla



Fjöldi útkalla eftir póstnúmerum



5 HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Húsnæði slökkviliða skal vera í samræmi við leiðbeiningar HMS. Slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnaði til að geta sinnt verkefnum sínum. Lágmarksbúnaður skal ákveðinn í brunavarnaáætlun. Allur búnaður skal geymdur, þrífinn og honum viðhaldið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Í eftirfarandi töflum sést samantekt á slökkvistöð/slökkvistöðvum ásamt tækjum og búnaði slökkviliðsins.

Slökkvistöð	Kallnúmer	Heimilisfang	Póstnúmer	Aðalstöð
Akureyri (Árstígur)	100	Árstígur 2	600	Já
Hrísey	300	Ægisgata 11	630	Nei
Grimsey	400	Grimseyjarvegur 1	611	Nei

Tæki/búnaður	Akureyri (Árstígur)	Grimsey	Hrísey
Froðutankur stærð	610	0	0
Dælugeta	9300	1000	0
Vatnstankur stærð	16900	1000	500
Fjarskipti Tetra	44	0	0
Handslökkvitæki	2	0	0
Hitamyndavél	4	0	0
Auka lofthylki	30	0	0
Rekstútar	9	0	0
Reykblásarar	6	0	0
Reykköfunartæki með fjarskiptum	14	0	0
Stjórnborð reykköfunar	2	0	0
Slökkviliðsmenn	23	10	12
Yfirmenn	13	1	1
Reykkafarar	7	0	0
Mótvægi stöðvar	1	0	0

Starfsstöðvar SA eru þrjár: á Akureyri, Hrísey og Grimsey.

Akureyri

Aðalstöð SA stendur við Árstíg 2 á Akureyri. Slökkvistöðin er 2.008m² stálgrindarhús á steiptum grunni, byggt árið 1987. Slökkviliðið flutti í húsnæðið árið 1993. Húsnæðið er að hluta til á tveimur hæðum. Jarðhæðin skiptist í sal fyrir slökkvi- og sjúkrabíla,

búningaaðstöðu, aðstöðu fyrir þjónustu og áfyllingu á lofthylki, þvottaaðstöðu, lager, líkamsræktarsal, snyrtingu, stjórnstöð, hvíldaraðstöðu, afgreiðslu og eldhús. Á efri hæðinni eru skrifstofur, fundaraðstaða, kennsluaðstaða, búningsherbergi og snyrting. SA hefur einnig yfir að ráða geymsluhúsnæði við Árstíg (sem nefnt er Sel). Tilheyrandi lóð er 7.577m². Á slökkvistöðinni er einnig afeitrunarstöð (sauna).

Ástand hússins er að mestu leiti gott fyrir utan nokkur atriði eins og til dæmis:

- Þak er lítið einangrað og því nokkuð mikið hitatap.
- Hólfanir eru ekki í lagi.
- Það vantar aðstöðu til að þvo föt og búnað eftir útköll.
- Aðgengi fyrir fatlaða er ekki til staðar að skrifstofu eldvarnaeftirlits og slökkviliðsstjóra.

Hrísey

Slökkvistöðin í Hrísey stendur við Ægisgötu 11. Húsið er 69m² stálklætt trégrindarhús á steiptum grunni byggt árið 1994. Húsið er á einni hæð og er milliloft yfir hluta þess en þar er tölvuhorn og kaffistofa. Á neðri hæð er snyrting. Tilheyrandi lóð er 263m² og stendur niður við höfnina í Hrísey. Húsið var keypt árið 2004 fyrir SA. Ráðist var í nokkrar endurbætur áður en húsið var tekið í notkun sem slökkvistöð fyrir Hrísey. Ástand hússins er gott. Ekki er aðstaða til afeitrunar starfsmanna eftir reykkiöfun.

Grímsey

Í Grímsey stendur slökkvistöðin við Öldutún 1. Húsið, sem er timburhús á steiptum grunni, er byggt árið 1989 og er 140,4m². Björgunarsveitin Sæþór í Grímsey hefur einnig aðstöðu í húsinu fyrir sín tæki. Auk tækjasalar er í húsnæðinu skrifstofa, snyrting og kaffistofa, þar sem Hafnarsamlagið er með sína aðstöðu. Öldutún er staðsett á hafnarsvæðinu við Grímsey. Ástand hússins er mjög gott. Ekki er aðstaða til afeitrunar starfsmanna eftir reykkiöfun.

Tæki og búnaður

Yfirlit yfir búnað slökkviliðssins má sjá í Brunagtátt HMS. Hann er uppfærður jafnóðum og þörf þykir. Laus búnaður er endurnýjaður eftir kröfum framleiðanda eða eftir þörfum vegna slits eða skemmda.

6 ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI

Stærð slökkviliðs og skipulag þess skal ákvarðað út frá þeirri áhættum sem eru til staðar í sveitarfélaginu. Því er mjög mikilvægt að slökkvilið greini helstu áhættur sveitarfélagsins og útbúi áhættumat þar sem kemur fram koma líkur og afleiðingar þess ef áhættur raungerast.

6.1 ÁHÆTTUMAT OG ÁHÆTTUSTIG

Mat á sérstakri bruna- og mengunaráhættu byggir aðallega á þremur þáttum:

1. Fólk þ.e. fjöldi og ástand
2. Umhverfi þ.e. líkur á mengunarhættu
3. Eignir þ.e. þar sem eignir eru miklar

Jafnframt er tekið tillit til hverjar eru hugsanlegar afleiðingar, aðkoma, brunaálag, byggingarefni, vatnsöflun, fjarlægðir, mannaflí og ástand mannvirkis.

Áhættumat

Áhætta	Fjöldi einstaklinga	Samfélagsleg og rekstrarleg áhrif	Viðbragðstími	Ástand einstaklinga	Ástand mannvirkis
TDK	200>400	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.	< 10 min	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Olúbirgðarstöð	30>100	26>50 starfsmenn.	< 10 min	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
ÚA	100>200	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.	< 10 min	Sjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Sjúkrahúsið Akureyri	400>1000	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Slippurinn	200>400	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.	< 10 min	Sjálfbjarga	Gömul léleg hús
HA og Borgir	400>1000	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.	< 10 min	6 - 10 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Menntaskólinn Akureyri	400>1000	26>50 starfsmenn.	< 10 min	1 - 2 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur
VMA	400>1000	50>100 starfsmenn.	< 10 min	10 - 30 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Hlíð	200>400	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Gömul léleg hús

Áhætta	Fjöldi einstaklinga	Samfélagsleg og rekstrarleg áhrif	Viðbragðstími	Ástand einstaklinga	Ástand mannvirkis
Hjúkrunarheimili Lögmanshlíð	30>100	26>50 starfsmenn.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
atNorth Gagnaver	5>30	6>15 starfsmenn.	< 10 min	Sjálfbjarga	Nýtt hús
Vaðlaheiðargöng	100>200	6>15 starfsmenn.	10 < < 15	< 30 ósjálfbjarga	Nýtt hús
Kristnes	100>200	26>50 starfsmenn.	15 < < 20	< 30 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Fiskverkunarhús	5>30	6>15 starfsmenn.	45 <	Sjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Síðuskóli	400>1000	50>100 starfsmenn.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Giljaskóli og Íþróttarmiðstöð	400>1000	50>100 starfsmenn.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Lundarskóli	200>400	50>100 starfsmenn.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Oddeyrarskóli	200>400	26>50 starfsmenn.	< 10 min	10 - 30 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Naustaskóli	400>1000	50>100 starfsmenn.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Glerárskóli	400>1000	50>100 starfsmenn.	< 10 min	10 - 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Brekuskóli	400>1000	50>100 starfsmenn.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Hrafnagilsskóli	100>200	26>50 starfsmenn.	20 < < 30	10 - 30 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Þelamerkurskóli	30>100	16>25 starfsmenn.	15 < < 20	10 - 30 ósjálfbjarga	Steinsteypt hús
Íþróttamannvirki	400>1000	26>50 starfsmenn.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
KA heimili	400>1000	26>50 starfsmenn.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Hamrar tjaldsvæði	400>1000	6>15 starfsmenn.	10 < < 15	< 30 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Skemmtiferðaskip	400>1000	yfir 100 starfsmenn. / miljarð í veltu.	< 10 min	< 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Gistiheimili	5>30	1>5 starfsmenn.	< 10 min	1 - 2 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur
Sumarbúðir	100>200	16>25 starfsmenn.	45 <	10 - 30 ósjálfbjarga	Eldri hús / timbur

Áhættustig

Áhætta	Líkur	Afleiðing	Áhættustig
TDK	Verulegar	Stórslys	5
Olíubirgðarstöð	Auknar	Stórslys	3
ÚA	Auknar	Stórslys	3
Sjúkrahúsið Akureyri	Auknar	Stórslys	4
Slippurinn	Töluverðar	Stórslys	4
HA og Borgir	Auknar	Stórslys	4
Menntaskólinn Akureyri	Auknar	Stórslys	3
VMA	Auknar	Stórslys	4
Hlíð	Auknar	Stórslys	4
Hjúkrunarheimili Lögmanshlíð	Auknar	Krítískt	3
atNorth Gagnaver	Litlar	Krítískt	2
Vaðlaheiðargöng	Auknar	Stórslys	4
Kristnes	Litlar	Stórslys	3
Fiskverkunarhús	Litlar	Stórslys	2
Síðuskóli	Auknar	Stórslys	4
Giljaskóli og Íþróttarmiðstöð	Auknar	Stórslys	4
Lundarskóli	Auknar	Stórslys	4
Oddeyrarskóli	Auknar	Stórslys	4
Naustaskóli	Auknar	Stórslys	4
Glerárskóli	Auknar	Stórslys	4
Brekkuskóli	Auknar	Stórslys	4
Hrafnagilsskóli	Auknar	Stórslys	4
Þelamerkurskóli	Litlar	Stórslys	3
Íþróttamannvirki	Auknar	Stórslys	4
KA heimili	Auknar	Stórslys	4
Hamrar tjaldsvæði	Auknar	Stórslys	4
Skemmtiferðaskip	Töluverðar	Stórslys	5
Gistiheimili	Auknar	Stórslys	3
Sumarbúðir	Auknar	Stórslys	4

6.2 MÓTVÆGI OG NIÐURSTÖÐUR

Áhætta	Áhættustig	Mótvægi slökkviliðs	Slökkvistöð	Vegalengd	Viðbragðstími	Viðbragðsstöðvar
TDK	5	1	Akureyri (Árstígur)	2.6	9	Akureyri (Árstígur)
Skemmtiferðaskip	5	1	Akureyri (Árstígur)	1.3	7	Akureyri (Árstígur)
Vaðlaheiðargöng	4	1	Akureyri (Árstígur)	7.5	14	Akureyri (Árstígur)
Hamrar	4	1	Akureyri	6.1	16	Akureyri

Áhætta	Áhættustig	Mótvægi slökkviliðs	Slökkvistöð	Vegalengd	Viðbragðstími	Viðbragðsstöðvar
tjaldsvæði			(Árstígur)			(Árstígur)
Sjúkrahúsið Akureyri	4	1	Akureyri (Árstígur)	2.5	10	Akureyri (Árstígur)
Íþróttamannvirki	4	1	Akureyri (Árstígur)	2.1	9	Akureyri (Árstígur)
KA heimili	4	1	Akureyri (Árstígur)	2.2	8	Akureyri (Árstígur)
Glerárskóli	4	1	Akureyri (Árstígur)	1.9	8	Akureyri (Árstígur)
Síðuskóli	4	1	Akureyri (Árstígur)	3	10	Akureyri (Árstígur)
Giljaskóli og Íþróttarmiðstöð	4	1	Akureyri (Árstígur)	2.3	9	Akureyri (Árstígur)

Samkvæmt niðurstöðum áhættumats eru áhættur í umdæmi slökkviliðsins umfram getu liðsins. Á móti koma samningar sem gerðir hafa verið við nágretta slökkvilið um gagnkvæma aðstoð.

7 FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

Framkvæmdaráætlun gerir grein fyrir þeim breytingum og endurskoðun á starfsemi slökkviliðs sem fyrirhugað er að gera á gildistíma brunavarnaáætlunar. Í töflunum hér að neðan kemur fram sú vöntun á búnaði og/eða mannskap sem áhættugreiningin leiddi af sér og þær aðgerðir sem áætlað er að fara í til að mæta þeirri vöntun.

7.1 FRAMKVÆMDAÁÆTLUN BYGGÐ Á ÁHÆTTUMATI

Slökkvistöð	Liður	Lýsing	Magn	Kostnaðaráætlun	Í Áætlun
Akureyri (Árstígur)	Reykköfunartæki með fjarskiptum		2	0	Já
Grimsey	Reykblásarar		1	0	Já
Grimsey	Rekstútar		1	0	Já
Grimsey	Handslökkvitæki		3	0	Já
Akureyri (Árstígur)	Handslökkvitæki		8	0	Já
Grimsey	Fjarskipti Tetra		3	0	Já
Akureyri (Árstígur)	Fjarskipti Tetra		9	0	Já
Grimsey	Yfirmenn		1	0	Já
Akureyri (Árstígur)	Slökkviliðsmenn		23	0	Já
Grimsey	Slökkviliðsmenn		10	0	Já
Akureyri (Árstígur)	Reykkafarar		10	0	Já
Grimsey	Vatnstankur stærð		1000	0	Já
Grimsey	Froðutankur stærð		60	0	Já
Grimsey	Dælugeta		1000	0	Já

7.2 ENDURNÝJJUN OG AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Taflan hér að neðan sýnir endurnýjun á búnaði ásamt öðrum fjárfestingum sem ekki koma fram í úrvinnslu áhættumats en eru nauðsynleg fyrir starfsemi slökkviliðs.

Slökkvistöð	Liður	Lýsing	Magn	Kostnaðaráætlun
Akureyri (Árstígur)	Dæla - laus		1	0
Akureyri (Árstígur)	Hitamyndavélar	Fjölga hitamyndavélum	2	0
Akureyri (Árstígur)	Endurnýjun á slökkvibíl	Fyrirhugað er að fara í endurnýjun á einum slökkvibíl innan þriggja ára.	1	0
Akureyri (Árstígur)	Breytingar á slökkvistöð	Framkvæmdir við að skipta slökkvistöð í hreint og óhreint svæði. Fyrirhugað er að verði framkvæmt í þremur áföngum.	3	0
Akureyri (Árstígur)	6 hjóla böggibíl		1	0

7.3 MENNTUNARÁÆTLUN

Taflan hér að neðan sýnir menntunaráætlun slökkviliðsins til næstu þriggja ára. Áætlunin felst í að tryggja að viðhalda menntunarstigi liðsins svo það sé í stakk búið að sinna lögbundnum verkefnum og takast á við áhættur á svæðinu.

Námskeið	2025	2026	2027
Atvinnuslökkviliðsmaður	5	6	
Eldvarnareftirlitsmaður I	4	4	
Eldvarnareftirlitsmaður II	0	0	
Eldvarnareftirlitsmaður III	0	0	
Námskeið 1			
Námskeið 2			
Námskeið 3			
Námskeið 4			
Stjórnandi	2	2	

7.4 SAMANTEKT OG RÖKSTUÐNINGUR FRAMKVÆMDAÁÆTLUNAR

Búið er að gera áætlun og samninga um endurnýjun á búnaði og jafnframt kaup á nýjum búnaði sem kemur til með að efla getu liðsins til að takast á við nýjar áskoranir samkvæmt áhættumati.

Í áhættumati er ekki gert ráð fyrir nýjum áhættum vegna fjölda skemmtferðaskipa og gróðurelda. Erfitt er að gera áhættumat á þessa liði vegna stærðar og ófyrirsjáanleika á umfangi.

Áætlað er að samningur við Isavia um samstarf slökkviliðs í Grímsey og á Grímseyjarflugvelli taki gildi fyrir lok árs 2024 um gagnkvæma aðstoð í útköllum.

8 FYLGISKJÖL

Lýsing skjals	Tegund skjals	Dagsetning skjals
Akureyrarbær tekur að sér framkvæmd brunavarna og eldvarnaeftirlits samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 m.s.br., reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 m.s.br. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 og brunavarnaáætlun Slökkviliðs Akureyrar í Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppi.	Samnningur	10.10.2023
Sjá nánari lýsingu í fylgiskjali.		
SA skuldbindur sig til að sinna bráðaútköllum á starfssvæði BSP í Fnjóskadal og austur í Ljósavatnsskarð að bænum Krossi meðtöldum. BSP skuldbindur sig einnig samkvæmt sömu forsendum að veita aðstoð samkvæmt 20. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir þurfi SA á slíkri aðstoð að halda.	Samnningur	12.12.2023
Samningur tekur til hreinsunar á vegsvæði í kjölfar umferðaróhappa og -slysa þegar slökkvilið er kallað til, og ekki er um að ræða mengunaróhapp eins og það er skilgreint í 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.	Samnningur	12.12.2023
Hafnasamlag Norðurlands bs., hér eftir verkkaupi, felur Slökkviliði Akureyrar, hér eftir verktaki, stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á hafnarsvæði verkkaupa. Einnig að hafa umsjón með reglulegu viðhaldi og umsýslu á mengunarvarnarbúnaði verkkaupa. Verktaka er með samningi þessum falið að stjórna á vettvangi og annast aðgerðir vegna mengunar innan starfssvæðis Hafnasamlags Norðurlands bs. samkvæmt reglugerð um viðbrögð gegn bráðamengun og grípa til hreinsunar og annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekara tjón vegna bráðamengunar. Samningur þessi er gerður á grundvelli 14. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.	Samnningur	12.12.2023

Lýsing skjals	Tegund skjals	Dagsetning skjals
SN hefur heimild til að óska eftir aðstoð SA vegna stærri mengunar- og eiturefnaslysa eða eiturefnaköfunar verði slíkt óhapp á starfssvæði SN. Einnig getur SN óskað eftir aðstoð SA vegna stór eldsvoða á starfssvæði sínu sé þörf á viðbótarmannskap eða búnaði. SA hefur að sama skapi heimild til að óska eftir aðstoð SN vegna brunaútkalla á starfssvæði sínu eða annara þeirra lögbundnu verkefna sem kveðið er á um í reglugerð 747/2018.	Samnningur	12.12.2023